

Truenorth Nordic ehf.  
Fiskislóð 31a  
101Reykjavík

Reykjavík, fimmtudagur, 21. júlí 2022  
UST202207-181/D.Ö.H.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Kleifarvatn og Skógafoss**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 18. júlí, 2022, um kvikmyndatöku við Kleifarvatn og Skógafoss þar með talið er óskað eftir leyfi til aksturs utan vega við Kleifarvatn.

Kleifarvatn er innan Reykjanessfólkvangs sem er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

##### *Kleifarvatn*

Verkefnið er tvískipt en sá hluti sem fram fer við Kleifarvatn mun fara fram á tímabilinu 25.-27. júlí. Að verkefninu munu koma 47 starfsmenn.

Í umsókn kemur fram að á basecamp í norðurfjöru verða 2 aðstöðurútur ásamt 2 eldhús trukkum + wc og rafstöð. Einnig verða þar 2 tækjatrúkkar/bílar - og 1 hair and makeup truckur - sjá nánar skipti á þeim í útskýringum hér neðar. Eins verða um 15 önnur ökutæki og flest þeirra eingöngu á basecamp svæðinu, en þó einhver sem fara á milli og betur útfært og útskýrt hér neðar. Basecamp er hugsaður austarlega í norður fjörunni, sunnan við Lambahagavatn.

**Akstur utan vega:** Farið verður niður í fjöru með um 10 til 12 bíla, 2 þeirra eru hugsaðir til að vera á Techbase og 1 eða 2 á Glambase - hinir þurfa að koma og fara með fyrirsætur, búnað og leikmynd og slíkt, að og frá tókustöðum. Ekki endilega allir í fjörunni í einu, reynt að takmarka það eins og hægt er. Öll keyrsla verður takmörkuð eins og hægt er og mögulega verða bílar skildir eftir í fjörunni, með næturvakt, til að fækka ferðum og minnka ummerki.

Ferðir í fjöruna verða að hámarki 40, ef litið er á akstur aðra leið sem eina ferð. Frágangur verður með hefðbundnum hætti, slóðadregið með stórum gúmmímottum og hrífað til eins og þarf. Vandað til vinnu og skilið við svæðið betur en þegar að var komið.

#### *Skógafoss*

Gert er ráð fyrir að um hálfur dagur fari í verkefnið við Skógafoss. Leitast verður við að tókur verði annað hvort snemma um morgun eða síðdegis til þess að vera utan þess tíma sem flestir ferðamenn eru á staðnum.

Basecamp – aðstöðurútur og eldhús – verður á stóra planinu hjá Byggðasafninu.

Öðrum bílum, nauðsynlegum tókunum, verður komið fyrir eins og hægt er á planinu næst fossinum án þess að vera fyrir rútnum. Þar verða um 12 bílar – þar af 2 trukkanar.

Ekki er gert ráð fyrir akstri utan vega vegna taka við Skógafoss.

Nánari upplýsingar er varða tókustaði er að sjá í myndum sem fylgdu umsókn.

Við tókur á báðum stöðum er möguleiki á að hestar og/eða hundar verði notaðir í tengslum við tókurnar.

#### ***Áhrifamat:***

##### *Kleifarvatn*

Þar sem um akstur utan vega er að ræða er mikilvægt að lágmarka fjölda ekinna ferða til þess að draga úr skemmdum og vegna fordæmisgildis akstursins fyrir aðra vegfarendur. För eftir aksturinn verða afmáð og eru því ásýndaráhrif akstursins afturkræf. Búast má við að gestir svæðisins verði fyrir truflun meðan á verkefni stendur. Þó áhrif verkefnis á náttúru og upplifun gesta svæðisins þá eru áhrifin tímabundin og afturkræf.

#### *Skógafoss*

Ekki er talið að verkefnið hafi áhrif á verndargildi eða náttúrufar náttúruvættisins við Skógafoss. Gestir geta orðið fyrir truflun meðan á tókum stendur en um er að ræða tímabundna truflun, á afmörkuðu svæði nokkuð frá helsta aðdráttarafli svæðisins, þ.e. fossinum sjálfum.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir True North Nordic fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndaverkefni og akstri utan vega við Kleifarvatn og við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 25.-29. júlí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanna Umhverfisstofnunar á báðum svæðum hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.

- Leyfi til aksturs utan vega nær eingöngu til fjörunnar við Kleifarvatn sbr. lýsingu verkefnisins.
- Heimilt er að fara með að hámarki 12 bíla í fjöruna.
- Halda skal fjölda ferða utan vega í lágmarki en að hámarki er heimilt að aka 40 ferðir sbr. lýsingu verkefnisins.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Dýr sem heyra til verkefnisins skulu ekki ganga laus og þau lúta tryggri stjórn á vettvangi.
- Fjarlægja skal úrgang dýra sem notast verður við í tengslum við verkefnið af svæðunum.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir .
- Fari tókur við Skógafoss fram í landi Drangshlíðardals þurfa umsækjendur að ræða við landeigendur þar.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og fjarlægja allan úrgang, sorp og leikmynd.
- Afmá skal för eftir akstur utan vega með rakstri til að vernda gróður sem kann að vera á svæðinu. Aðeins skal slóðadraga þau svæði sem hafa verið slóðadregin áður.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

René Biasone  
*svæðissérfræðingur*

Davíð Örvar Hansson  
*sérfræðingur*